



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Björgunarrannsókn á landnámsskála á Grónesi

Framvinduskýrsla 2021



Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 12-22

Apríl 2022

Forsíðumynd: Skálinn á Grónesi við lok uppgrftar sumarið 2021

EFNISYFIRLIT

| | | |
|-----|--|----|
| 1. | Grunnupplýsingar | 6 |
| 2. | TÆKNILEG ATRIÐI | 7 |
| 2.1 | Útdráttur | 7 |
| 3. | Forsaga rannsóknar | 8 |
| 3.3 | Stjórnsýsla og fjármögnun | 10 |
| 3.4 | Almennar upplýsingar um rannsóknina sumarið 2021 | 10 |
| 3.5 | Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi | 11 |
| 3.6 | Stærð og umfang uppgraffar | 12 |
| 4. | Björgunarrannsóknin á Grónesi | 12 |
| 4.1 | Skálinn á Grónesi | 12 |
| 4.2 | Smáhýsi á Grónesi | 27 |
| 5. | Túlkun..... | 32 |
| 5.3 | Skálinn á Grónesi | 32 |
| 5.2 | Smáhýsi á Grónesi | 35 |
| 6. | Gripir | 38 |
| 6.3 | Skálinn á Grónesi | 38 |
| 6.4 | Smáhýsi á grónesi..... | 40 |
| 7. | Heimildaskrá..... | 42 |
| 8. | Sýnishorn af gripum sem fundust sumarið 2021 | 43 |
| 9. | Skrár | 45 |
| 9.1 | Jarðlagaskrá (Contextaskrá) Skáli 2021 | 45 |
| 9.2 | Jarðlagaskrá (Contextaskrá) smáhýsi 2021 | 63 |
| 9.3 | Fundarskrá skáli 2021..... | 67 |
| 9.4 | Fundaskrá smáhýsis 2021 | 73 |
| 9.5 | Sýnaskrá skáli 2021..... | 74 |
| 9.6 | Sýnaskrá Smáhýsi 2021 | 75 |
| 9.7 | Teikningaskrá 2021..... | 76 |
| 9.8 | Ljósmyndaskrá 2021..... | 78 |
| 10. | Flæðirit (Harris Matrix) | 98 |
| 11. | Teikning | 99 |

Myndaskrá

| | |
|--|----|
| MYND 1. DRÓNAMYND TEKIN AF SVÆÐINU ÞEGAR SÁST GLITTA Í SKÁLANN. SKÁLINN ER INNAN RAUÐA HRINGSINS. | 7 |
| MYND 2. Á ÞESSARI MYND SÉST VEGLÍNAN ÞAR SEM HÚN LIGGUR YFIR SLÉTTA SVÆÐIÐ NEÐAN TÚNSINS Á GRÓNESI. STAÐFESTAR MINJAR ERU BLÁAR, ÓSTAÐFESTAR EN MJÖG LÍKLEGAR ERU GRÆNAR OG TILGÁTUR ERU APPELSÍNUGULAR. | 10 |
| MYND 3. SKÁLINN VAR RÉTT UNDIR YFIRBORÐI OG VAR VAXIÐ YFIR HONUM MJÖG ÞYKKT OG RÓTAMIKIÐ BLÁBERJA- OG KRÆKIBERJALYNG OG GRÓÐUR. HÉR ER HORFT UPP SKÁLANN FRÁ SUÐRI FYRIR UPPGRÖFT. | 13 |
| MYND 4. VEGGIR SKÁLANS AÐ KOMA Í LJÓS UNÐAN RÓTARMIKLU YFIRBORÐSLAGI [001]. | 14 |
| MYND 5. STEINAR [006] Í VEGG SKÁLANS VIÐ SUÐUR ENDANN. EKKI ER VÍST HVORT STEINARNIR SÉU FALLNIR NIÐUR EÐA HVORT ÞARNA SÉ BOTN SUÐUR VEGGJAR. | 14 |
| MYND 6. VIÐ MIÐJU UPPGRAFTAR ÞEGAR BÚIÐ VAR AÐ FJARLÆGA YFIRBORÐIÐ OG KOMIÐ NIÐUR Á HRUN [004 OG 011] OG VEGGI [003 OG 006]. | 15 |
| MYND 7. HÉR SÉST HLUTI AF BEKKNUM Í AUSTUR ENDA SKÁLA VIÐ INNGAGN. ÞAR LENGST TIL VINSTRI ER SVART GÓLFLAG [010], SVO UNDIRBEKKJARLAG [025] SEM ER KOLASMITAÐ TORF, ÞAR Á EFTIR KEMUR ER BEKKUR [012] OG ER MÆLISTIKAN STAÐSETT RÉTT Á MÖRKUM BEKKJAR OG VEGGJAR [003]. | 16 |
| MYND 8. LÍNA AF STEINUM SÉST HÉR HÆGRA MEGIN Á MYNDinni. STEINAR ÞESSIR ERU STAÐSETTIR Á MÖRKUM GÓLFS OG BEKKJAR Í NORÐVESTAN LANGELDS. | 16 |
| MYND 9. HNÍFUR [F#12] MEÐ BEINSKAFTI IN SITU. | 17 |
| MYND 10. SVART GÓLFLAG [010] ER HÉR FYRIR MIÐJU SKÁLA OG SITTHVORU MEGIN VIÐ GÓLFLAGIÐ ER UNDIRBEKKJARLÖG [026 OG 027]. | 18 |
| MYND 11. HÉR SÉST ÞAR SEM RENNAN EÐA SKURÐUR FYRIR SKILRÚM [036] HEFUR VERIÐ STAÐSETT VIÐ MÖGULEGA STOÐARHOLU [014] OG STÓRA STEINA VIÐ NORÐUR VEGG. | 19 |
| MYND 12. STOÐARHOLA [014] STAÐSETT NORÐAN VIÐ LANGELD FYRIR MIÐJU. STOÐARHOLAN SÉST HÉR RÉTT OFAN VIÐ MÆLISTIKUNA. | 19 |
| MYND 13. STOÐARHOLA [016] SUNNAN VIÐ LANGELD FYRIR MIÐJU. | 20 |
| MYND 14. LANGELDUR [013] ER HÉR FYRIR MIÐJU. ÞAR ERU ÞÚFURNAR SJÁANLEGAR Í KRING. | 21 |
| MYND 15. STÓRIR STEINAR [040] Í NORÐUR ENDA SKÁLANS MEÐ STEINHRÚGU [032] Á MILLI. | 22 |
| MYND 16. ELDESTÆÐI [029] OG ÖSKULAG [028] UNDIR STÓRUM STEINUM [040] OG STEINHRÚGU [032] Í NORÐAUSTUR HORN. | 23 |
| MYND 17. ELDESTÆÐI [029] OG ÖSKULAG [028] UNDIR STÓRUM STEINUM [040] OG STEINHRÚGU [032] Í NORÐAUSTUR HORN. ÞARNA SÉST RÉTT Í MÖGULEGT LOFTGAT [030] OG BENDIR RAUÐA ÖRIN Á ÞAÐ. | 23 |
| MYND 18. INNGANGUR SKÁLANS EFTIR FJARLÆGINGU YFIRBORÐS, ÞAR SJÁST STÓRAR STEINAHELLUR [019] SEM HAFA VERIÐ LAGÐAR. | 24 |
| MYND 19. MÖGULEG RENNA [022] FYRIR UPPGRÖFT. RENNAN LIGGUR UPP VIÐ VEGG SKÁLANS FRÁ INNGANGI OG TIL SUÐURS. | 25 |
| MYND 20. STEINAHELLUR Í INNGANGI SKÁLANS ER HÉR FYRIR MIÐJU OG FRÁ HONUM TIL VINSTRI ER MÖGULEG RENNA [022] SEM VIRÐIST MARKAST AF STEINUM Í VEGG. BÚIÐ AÐ FJARLÆGA HRUN YFIR INNGAGNI OG FYLINGU Í MÖGULEGRI RENU. | 25 |
| MYND 21. KOLASMITAÐ LAG [005] MEÐ BRENNÐUM BEINUM Í SUÐAUSTUR HORN. UPPGRAFTARSVÆÐIS. | 26 |

| | |
|---|-----|
| MYND 22. HÉR SÉST SVART KOLASMITAÐ LAG [009] OFAN Á ÞAR SEM LÍKLEGUR SUÐUR VEGGUR ER STAÐSETTUR..... | 26 |
| MYND 23. HÉR SÉST GARÐLAGIÐ Í NORÐAUSTUR HORNI UPPGRAFTARSVÆÐIS..... | 27 |
| MYND 24. SMÁHÝSIÐ EFTIR FJARLÆGINGU YFIRBORÐSLAGS [200], ÞAR SÉST RÉTT GLITTA Í LÍKLEGAN OFN [206] OG VEGGIR BYRÐAIR AÐ MYNDAST. | 28 |
| MYND 25. KOMIÐ NIÐUR Á GÓLFLAG Í SMÁHÝSINGU..... | 29 |
| MYND 26. MÖGULEGT ELDSTÆÐI EÐA OFN [206] Í SMÁHÝSI. EKKI ER BÚIÐ AÐ RANNSAKA ÞESSA STEINHRÚGU AÐ FULLU OG MUNU FREKARI RANNSÓKNIR SKÝRA HVERT HLUTVERK ÞESS ER. AUSTAN VIÐ ELDSTÆÐIÐ ER STOÐARHOLA [209] OG ER HÚN SJÁANLEG HÉR EFTI Á MYNDinni FYRIR MIÐJU. | 30 |
| MYND 27. STOÐARHOLA [209] EFTIR FJARLÆGINGU STEINA OG GÓLFLAGS..... | 30 |
| MYND 28. SMÁHÝSIÐ ÁÐUR EN GÓLFLAG VAR FJARLÆGT. Á MYNDinni ER HÆGT AÐ GERA SÉR GREIN FYRIR STEINUM OG GRJÓTI Í VEGGJUM EN EINNIG NÁTTÚRULEGU GRJÓTI SEM ER Á SVÆÐINU. | 31 |
| MYND 29. SUÐUR ENDI SKÁLANS ÞAR SEM INNGANGUR SKÁLANS ER VIÐ SUÐAUSTUR HLIÐINA. ÞAR SJÁST STEINAHELLURNAR HALDA ÁFRAM INN Í SKÁLANN OG LÍKLEGT BÚR EÐA ANDDYRI ÞAR VIÐ. | 33 |
| MYND 30. LINSA AF KOLASMITUÐUM JARÐVEGI Í VEGG..... | 34 |
| MYND 31. SNIÐ TEKIÐ Í GEGNUM AUSTUR VEGG ÞAR ER VEGGURINN SJÁALEGUR HÆGRA MEGIN VIÐ NÁTTÚRULEGA STEININN. | 35 |
| MYND 32. VESTUR VEGGUR SKÁLANS OG AUSTUR VEGGUR SMÁHÝSIS ÁÐUR EN SKURÐUR VAR TEKINN Í GEGN. | 36 |
| MYND 33. SNIÐ Í TEKIN Í GEGN UM VESTUR VEGG SKÁLA OG VESTUR VEGG SMÁHÝSIS..... | 36 |
| MYND 34. KRISTALL [F#043]..... | 38 |
| MYND 35. SNÆLDUSNÚÐUR ÚR BLÝI [F#045] | 39 |
| MYND 36. ARMBAUGUR ÚR TÁLGUKOLI [F#046]. | 39 |
| MYND 37. BÚIÐ AÐ LOKA YFIR SVÆÐIÐ MEÐ PLASTI OG SANDPOKAR SETTIR YFIR..... | 41 |
| MYND 38. SNÆLDUSNÚÐUR [F#111]. | 43 |
| MYND 39. SNÆLDUSNÚÐUR ÚR BLÝI [F#45]. | 43 |
| MYND 40. GLER PERLA [F#007]. | 44 |
| MYND 41. TVÆR GLER PERLUR FUNDNAR Á SAMA STAÐ, ÖNNUR VAR GYLTT OG HIN SILFRUÐ [F#018]..... | 44 |
| MYND 42. PLAN TEIKNING AF SKÁLA..... | 99 |
| MYND 43. HÆÐARLÍKAN TEKID MEÐ DRÓNA..... | 100 |

1. Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 202107-0024

ÞJMS-númer: 2021-46

Nr. fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun: 1788-310, 1788-311

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022. *Fornleifaskráning innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi. Viðbætur við fornleifaskráningu og vegna breytinga á veglínu.* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 13-22.

Stutt lýsing rannsóknar: Björgunarrannsókn á landnámsskála á Grónesi vegna fyrirhugaðra framkvæmda á nýjum Vestfjarðarvegi 60.

Tegund rannsóknar: Björgunarrannsókn

Staðsetning

Rannsóknarsvæðið er á jörðinni Grónes í Reykhólahreppi, Austur Barðastrandarsýslu.

GPS hnit

ISN93: A 344134, N 563113

Leyfishafi

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna: Níu starfsmenn



2. TÆKNILEG ATRIÐI

2.1 Útdráttur

Vegagerðin óskaði eftir að Náttúrustofa Vestfjarða framkvæmdi björgunarrannsókn á skála sem fannst við rannsóknir á svæðinu í júní 2021. Þessar minjar fundust ekki við fornleifaskráningu sem gerð var á svæðinu árið 2015. Við drónamyndatöku í tengslum við yfirstandi rannsóknir á minjum í miðju vegstæðis á Grónesi sást glitta í skálalaga fornleifar. Minjarnar voru illgreinanlegar og nánast ósjáanlegar á yfirborði enda vaxnar lynggróðri. Minjastofnun var gert viðvart og fór hún fram á rannsókn á þessum minjum. Auk skálans voru líklegt smáhýsi sem er samtengt skálanum og garðlag við norður enda skálans rannsökuð að hluta til.

Markmið rannsóknarinnar 2021 var að lögð var áhersla á að ljúka sem mestu við uppgröft á skálanum, þá sérstaklega innan skálans þar sem viðkvæmari jarðlög líkt og gólflag og fylling í eldstæði voru fjarlægð og sýni tekin til greiningar. Fornleifauppgröfturinn fór fram í ágúst til september og var áætlað að klára rannsóknina árið 2021, en vegna slæms veðurs og mikillar bleytu á svæðinu var ákveðið að loka yfir skálanum og halda áfram vorið 2022.

Í október 2021 var fengin grafa til að taka yfirborðið af því svæði sem er í veglínunni í nánasta umhverfi skálans. Engar fleiri fornleifar voru greinilegar undir yfirborðinu og er líklegt að skálinn á Grónesi séu einstakar minjar, ólíkar samtíða miðaldabýlum þar sem algengt er að finna útihús, smiðjur og annarskonar verk hús við skálann.



Mynd 1. Drónamynd tekin af svæðinu þegar sást glitta í skálann. Skálinn er innan rauða hringsins.

3. Forsaga rannsóknar

Rannsóknarsvæðið er í Reykhólahreppi, Austur Barðastrandarsýslu. Reykhólahreppur var áður fimm hreppar, Geiradals-, Reykhóla-, Gufudals-, Múla- og Flateyjarhreppur. Framkvæmdasvæðið er staðsett innan hins forna Gufudalshrepps. Grónes er nes sem staðsett er á milli Gufufjarðar og Djúpafjarðar.

Grónes fór í eyði árið 1927 en fram undir 1950 stóð í fjörunni neðan við túnið sláturhús hreppsins.¹ Fornleifaskráning var gerð vegna fyrirhugaðra framkvæmda á nýjum Vestfjarðarvegi 60



Mynd 1. Minjar sem skráðar voru 2015 á Grónesi

frá Bjarkarlundi að Skálaesi í nóvember 2015² og þá voru margar minjar skráðar á Grónesi. Við þá skráningu fundust ekki umræddar minjar enda eru þær illsjáanlegar með berum augum. Minjarnar eru yfir grónar með lyngi.

Rannsókn hófst svo á Grónesi í tengslum við mótvægisáðgerðir vegna framkvæmda við ÞH veglínu þann 22. maí sl. Tvö naust [1788-203 og 1788-204] þurfti að grafa vegna þess að veglína fór yfir þau. Svæðið hafði verið fornleifaskráð árið 2015 og þá kom í ljós að þessi tvö naust voru í veglínu og fór Minjastofnun fram á að þau yrðu grafin. Tækni hefur fleygt fram á þeim sjö árum sem liðin eru síðan skráning fór fram. Þann 24. júní fór stjórnandi rannsóknarinnar að Grónesi seint um kvöld til að nýta skugga kvöldsólarinnar til að mynda svæðið í nánasta nágrenni við naustin með dróna. Sú myndataka leiddi í ljós ummerki um minjar sem sér illa stað á jörðu niðri en koma vel í ljós við drónamyndatöku í góðu skyggni. Birtist þá bogalöguð bygging sem líktist mjög skála.

¹ Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson. 2012. Bls. 83

² Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2016.




Mynd 2. Eins og sést á þessari mynd eru minjar illgreinanlegar á jörðu niðri, yfirvaxnar lynggróðri.

Strax var haft samband við minjavörð Vesturlands sem og Minjastofnun vegna þessa fundar og að tilmælum þeirra var staðfest með borkjarna og könnunarholu að sannarlega var þarna um að ræða skálabyggingu sem er í miðju fyrirhugaðs vegstæðis. Vegagerðin taldi ekki möguleika á tilfærslu veglínu á þessum stað og því varð að rannsaka þær minjar sem eru í fyrirhuguðu vegstæði yfir Grónes.

Tilgangur rannsókna er því að rannsaka allar þær minjar sem eru innan áhrifasvæðis vegar að kröfu Minjastofnunar. Rannsóknarsvæðið sjálft er staðsett neðan við Grónes túnið við fjöruna.

Á túninu í Grónesi eru mikið af minjum og má rekja fjölda þeirra til þess að túnið hefur aldrei verið vélunnið. Sumar minjarnar á túninu virðast mjög fornar. Túnið stendur á malarbakka og neðan við túnið er brekka og svo önnur slétta sem í dag er þakin berjalyngi niður að fjöruborði. Þar fundust rústir skálans en á túninu sjálfu sem er töluvert hærra í landinu eru yngri minjar sem og töluvert að miðalda minjum. Rannsóknarsvæðið sem um

ræðir í þessari umsókn er svæðið neðan við túnið, milli fjöru og brekkurnar sem liggur að túninu.



Mynd 2. Á þessari mynd sést veglínar þar sem hún liggur yfir slétta svæðið neðan túnsins á Grónesi. Staðfestar minjar eru bláar, óstaðfestar en mjög líklegar eru grænar og tilgátur eru appelsínugular.

3.3 Stjórnsýsla og fjármögnun

Rannsóknin er unnin fyrir Vegagerðina og er hluti af rannsókn sem unnin vegna lagningu nýs Vestfjarðarvegar 60 milli Bjarkarlundar og Skálaness. Vegagerðin fjármagnar rannsóknina.

3.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina sumarið 2021

Við rannsóknina sumarið 2021 störfuðu alls níu fornleifafræðingar. Stjórnandi var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og uppgrftarstjóri var Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Rannsóknin stóð yfir frá 3. ágúst og lauk þann 30. september. Veður var gott fyrstu fjórar vikurnar en blautt, snjór og mikill vindur síðustu fjórar vikurnar.

Fornleifafræðingar sem störfuðu við rannsóknina sumarið 2021:

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Stjórnandi og leyfishafi.

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Uppgrafterstjóri. MSc.

James McGovern Fornleifafræðingur. MA.

Jonathan BATTERY. Fornleifafræðingur. MA.

Kate Fitzpatrik. Fornleifafræðingur. MA.

Gunnar Grímsson. Fornleifafræðingur. BA.

Atli Rúnarsson. Fornleifafræðingur. BA.

Hermann Jakob Hjartarson. Fornleifafræðingur. MA.

Grace Cesario. Fornleifafræðingur. Phd.

3.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

Við rannsóknina er notuð single context aðferðafræði þar sem hver eining er grafin upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þessi aðferðafræði hefur reynst mjög vel á Íslandi og er kennd sem aðferðafræði við uppgröft í Háskóla Íslands. Þetta er aðferðafræði sem íslenskir fornleifafræðingar kunna og eru vanir sem og þeir bresku fornleifafræðingar sem starfa við rannsóknina. Því er þessi rannsóknaraðferð mjög heppileg til rannsókna.

Gripir verða skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins. Allir gripir voru varðveittir og staðsetning flestra merkt inn á teikningar. Öll bein og allir gripir voru varðveitt og öll jarðlög voru þurr sigtuð utan yfirborðslaga. Möskvar sigtis voru 4 mm. Notast var við dróna Mavic air 2. 4 k sem notaður var í upphafi og lok hvers dags ef verður leyfði.

Allar teikningar voru handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/10 eða 1/20 og hæðir teknar með venjulegum hæðamæli. Hnit voru skráð á öllum staurum með Trimble Juno 5 uppmælingatæki. Eigið hnitakerfi (grid) var sett upp á XY ás sem og notast við landsnets hnitakerfið ÍSNET93. Ljósmyndir voru teknar á Canon EOS 650 með 18/55 mm linsu og skráð í ljósmyndaskrá. Vinnumyndir voru teknar á síma og spjaldtölvu.

Sýni úr gölfum verða tekin í því magni sem Minjastofnun fór fram á og var um 90% af gölfinu var tekið í sýni. Greiningar verða gerðar á plöntu og skordýraleifum og sýni verða tekin til kolefnagreiningar.

Allt vegstæðið verður kannað og var grafa fengin til að fjarlægja yfirborðið innan vegstæðis til að ganga úr skugga um hvort fleiri byggingar leynist undir sverði eins og ekki er ólíklegt að finnist í umhverfi skála.

3.6 Stærð og umfang uppgrftar

Lengd þess svæðis sem opnað var yfir skálanum er 20 m á lengd og 10 m á breidd. Svæðið allt sem opnað var er 200 m². Áætla má að það rúmmál sem búið er að grafa sé um 60 rúmmetrar. Yfir smáhýsinu var opnað 10 x 5 m svæði sem var um 50 m² og má áætla að um 10 rúmmetrar hafi verið grafnir.

4. Björgunarrannsóknin á Grónesi

4.1 Skálinn á Grónesi

Við rannsóknina sumarið 2021 var opnað 15 x 20 m svæði yfir skálanum og smáhýsinu. Í ljós kom að skálinn var um 18 m á lengd og 8 m á breidd. Vestan við, og samtengt, skálanum er smáhýsi sem var um 5 x 5 m að stærð og var sami veggur notaður fyrir báðar byggingarnar. Skálinn var byggður í halla og sneri í norður- suður.

Skálinn var rétt undir yfirborði og var vaxið yfir honum mjög þykkt og rótamikið bláberja- og krækiberjalyng og gróður. Yfirborðið **[001]** var þéttur dökkgrábrúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og steinum. Yfirborðið var 20 m+ langt, 15 m+ á breidd. Þykkt lagsins var mismunandi yfir svæðið og var þykkt í norður enda um 15 cm, í suður enda um 20 cm þykkt og í austur og vestur enda var þykkt þess um 10 cm. Í yfirborðinu fundust fimm jaspis steinar (**F#003**, **F#008**, **F#009** og **F#013**) og tveir kvars steinar (**F#006** og **F#010**).



Mynd 3. Skálinn var rétt undir yfirborði og var vaxið yfir honum mjög þykkt og rótamikið bláberja- og krækiberjalyng og gróður. Hér er horft upp skálann frá suðri fyrir uppgröft.

Undir yfirborðinu komu veggir skálans í ljós. Veggirnir voru byggðir úr strengjatorfi **[003]** með steinum neðst **[006]**. Torfið í veggjunum **[003]** var þétt skellótt brúnt, grábrúnt og ljósgult strengjatorf. Austan megin í skálanum voru veggirnir meira gulbrúnir og vestan megin voru þeir meira brúnir. Ekki er beint vitað hvar veggur í suður enda liggur en þar er svæðið heldur illgreinanlegt. Þar er jarðvegurinn er mikið raskaður vegna kindastíga og mikið er um þúfur þar sem náttúrulegur jarðvegur hefur náð að komast í gegnum gólflög og veggi. Í norður enda voru veggirnir heillegir og var þykkt þeirra um 30-50 cm og breidd var u.þ.b. 60 cm.



Mynd 4. Veggir skálans að koma í ljós undan rótarmiklu yfirborðslagi [001].

Stórir steinar [006] voru á víð og dreif í veggjum skálans. Sumstaðar var röð af steinum sem fylgdi lagi torfveggjar s.s. við suður og suðvestur hlið að utan og við innganginn í suðaustur enda. Engir steinar voru sjáanlegir í vegg við norðaustur hlið bæði að innan og utan. Margir steinar eru á sínum



náttúrulega stað þ.e. hluti af klettabelti (*e. bedrock*) en aðrir hafa verið lagðir sem grunnur veggja. Steinarnir eru allir af sömu gerð og eru milli stórir til stórir að stærð.

Mynd 5. Steinar [006] í vegg skálans við suður endann. Ekki er víst hvort steinarnir séu fallnir niður eða hvort þarna sé botn suður veggjar.

Utan við vegg skálans var hrun [004]. Hrunið var þétt, skellótt dökk-grábrúnt með ljósgulbrúnum skellum, blandað torf og möl. Hrunið lá yfir steinum [006] og var 65 cm að breidd og um 20 cm þykkt. Í hruni utan skála fannst líklegt met (F#021) og einkennilegur steinn (F#017).

Innan skála var hrun úr vegg og þaki [011]. Ekki var hægt að greina á milli þakhruns og hruni úr veggjum. Lag þetta var það sama og hrun utan skála [004]. Lagið lá beint undir yfirborðslagi [001] og yfir gólflagi [010] og langeld [013]. Hrunið var þétt millibrúnt að

lit með gulum og fjólubláum skellum, sendin silt og torf. Mikið var um malarlinsur en lítið af kolaflögum. Lengd lagsins var 11.5 m og breidd um 4 m. Í laginu fundust tvö met (**F#029** og **F#032**), hrafntinna (**F#014**), einn jaspis steinn (**F#019**), einn kvars steinn (**F#028**) og tveir einkennilegir steinar (**F#031** og **F#038**).



Mynd 6. Við miðju uppgrftar þegar búið var að fjarlægja yfirborðið og komið niður á hrun [004 og 011] og vegg [003 og 006].

Bekkur **[012]** austan megin í skálanum lá beint undir, og blandað, hruni úr veggjum og var þétt millibrúnt torf með fjólubláum bæ og smáum steinum. Í laginu fundust eitt brýni (**F#025**), tveir kvars steinar (**F#026** og **F#074**), einn járn nagli (**F#027**), einn jaspis steinn (**F#071**), tvö hvít eldtinnubrot (**F#072**) og einn sandsteinn (**F#073**). Undir torfinu í norðaustur enda var þétt lag af möl **[020]** sem hefur líklega verið hluti af uppbyggingu bekkjar. Lagið var mið- appelsínugulbrún þétt möl með torfi og sandi, en að mestu steinar og möl. Líklegast er þetta blandað torf og jarðvegur eftir að viðarbekkir voru teknir út. Lengd lagsins var um 3 m að lengd, 80 cm að breidd og 10 cm þykkt. Í laginu fannst glær kristall (**F#043**).

Austan megin í skála undir bekkjarlagi **[012]** var undirbekkjarlag **[025]**. Lagið var þétt skellótt svargrátt blandað silt og laus möl um 8 m að lengd, 1 m að breidd og um 7 cm að þykkt. Mögulega hefur verið viður í bekkjunum og hefur þetta lag safnast saman undir

viðnum. Lagið var líkt gólflagi en ekki eins svart og feitt. Í laginu var mikið af kolaflögum og brenndum beinum og í laginu fundust einn járnútar með óþekkt hlutverk (**F#097**), eitt mögulegt brýni (**F#098**), einn boginn járnagl (F#099) og tveir einkennilegir steinar (**F#100**).



Mynd 7. Hér sést hluti af bekknum í austur enda skála við inngagn. Þar lengst til vinstri er svart gólflag [010], svo undirbekkjarlag [025] sem er kolasmítað torf, þar á eftir kemur er bekkur [012] og er mælistíkan staðsett rétt á mörkum bekkjar og veggjar [003].

Tvær líklegar pinnaholur [027] voru skornar í austur undirbekkjarlag [025] við mörk gólfs og bekkjar. Pinnaholurnar voru um 7 cm í þvermál og dýpt þeirra óþekkt þar sem þær hafa verið grafnar niður í náttúrulegan jarðveg. Holurnar virtust vera lóðréttar niður og fylltar með mól.

Við vestur bekk var lína af steinum [034] sem afmarkaði bekkinn. Steinar voru upp á rönd og voru á mörkun bekkjar og gólfs. Mögulegar stoðarholur voru staðsettar við steinana.



Mynd 8. Lína af steinum sést hér hægra megin á myndinni. Steinar þessir eru staðsettir á mörkum gólfs og bekkjar í norðvestan langelds.

Bekkur [038] í vestur enda skálans var þétt millibrúnt torf með fjólubláum blæ og smáum steinum. Engar kolaflögur voru að sjá í þessu lagi og er líklegt að þarna hafi verið hrun blandað jarðvegi eftir að viðarbekkir voru teknir í burtu.

Lengd lagsins var 8 m, breidd 1 m og þykkt 10 cm. Þar beint undir var undirbökkjarlag vestan megin [024]. Lag þetta er sama og var að sjá í austurhlið skálans þar sem þetta lag hefur safnast saman undan viðarbökkjum. Lagið var þétt með lausri mól, skellótt svargrátt blandað silt og mól með kolaflögum og brenndum beinum. Lengd var um 8 m, breidd um 1 m og þykkt þess var um 5 cm.

Þrjár líklegar pinnaholur [026] voru skornar í vestur undirbökkjalag [024] á vesturhlið. Pinnaholurnar voru um 8 cm í þvermál og dýpt þeirra óþekkt þar sem þær hafa verið grafnar niður í náttúrulegan jarðveg. Holurnar voru lóðréttar niður og fylltar með mól.

Gólflag [010] var beint undir hrúni í miðju skála. Gólflagið var feitur svartur siltaður jarðvegur með mikið af kolasmíti, kolaflögum og brenndum beinum. Alls fundust 68 gripir í gólfi. Voru þar einn armaugur úr tálguколи eða gagati (*e. jet*)



Mynd 9. Hnífur [F#12] með beinskafti *in situ*.

(F#046), sex brýni (F#001, F#042, F#044, F#083, F#084 og F#110), tvö eldtinnubrot (F#113 og F#114), þrjár gler perlur (F#018, F#092 og F#093), smátt glerbrot eða glær steinn (F#016), tveir hnífur (F#012 og F#064), 13 jaspis steinar (F#011, F#023, F#030, F#037, F#039, F#054, F#068, F#091, F#094, F#095, F#096, F#101 og F#106), níu kvars steinar (F#035, F#052, F#060, F#061, F#066, F#081, F#082, F#085 og F#107), þrjú met (F#020, F#047 og F#048), níu naglar (F#036, F#040, F#041, F#049, F#053, F#063, F#070, F#080 og F#090), tveir önglar (F#015 og F#022), eitt líklegt men úr steini (F#051), einn snældusnúður úr blýi (F#045), þrír taflmenn (F#055, F#086 og F#104), ein járn þynna (F#067), fjórir vikursteinar (F#002, F#065, F#102 og F#108), fjórir gripir úr járn með óþekkt hlutverk (F#059, F#088, F#098 og F#105) og sex gripir úr steini sem óþekkt hlutverk (F#022, F#033, F#034, F#062, F#069, F#087 og F#103).

Við uppgröft voru 12 sýni tekin úr gólfi, þá voru fimm fötur af gólfi tekið til fleytingar og frekari greiningar (S#013, S#015, S#017 og S#018). Þar að auki voru fimm sýni tekin með samansafni af brenndum beinum (S#001, S#002, S#003, S#004 og S#011), skel

hismi (S#006), mögulegt fiskibein (S#022) og óbrenndar svínatennur teknar til aldursgreiningar (S#019).




Mynd 10. Svart gólflag [010] er hér fyrir miðju skála og sitthvoru megin við gólflagið er undirbekkjarlög [026 og 027].

Eftir fjarlægingu á golfi [010] og undirbekkjalagi [024] í vestur enda kom í ljós mögulegt torflag [033]. Lagið var mjúkt skellótt brúnt, appelsínugult og dökkbrúnt torf með kolaflögum. Lag þetta var ekki rannsakað að fullu svo ekki var hægt að greina raunverulega lengd þess, en við lok uppgrftar sumarið 2021 var lengd þess 8 m og breidd um 1 m. Í laginu fundust einn snældusnúður (F#075), hvítur holulaga líklega unninn steinn með óþekkt hlutverk (F#076), einn jaspis steinn (F#077), eitt eldtinnubrot (F#078) og einn slípaður kvars steinn (F#079).

Í norður enda skála þar sem stórir steinar [040] og líklegt eldstæði [029] er staðsett er svæði þar sem líklega hefur verið einhverskonar upphækkun eða trappa á golfi. Við miðju þessarar upphækkunar var merki um að þar hafi verið skilveggur, þar sem engar leifar af golfi voru sjáanlegar en beggja vegna við var gólflag með kolaflögum og brenndum beinum. Þar hefur líklega verið skorin renna eða skurður fyrir skilvegg [036] sem virtist liggja frá undan stóra steininum við endann og til suðurs í þar sem líkleg stoðarhola [014]

er. Skurðurinn kom í ljós við fjarlægingu á gólf lagi **[010]** þar sem hann var skorinn í gegnum gólfið og niður í náttúrulegan jarðveg. Hægt var að fylgja skurðinum niður um 10 cm þar sem hann hvarf í náttúrulegan jarðveg. Lengd skurðarins var 1,1 m, breidd var um 30 cm og dýpt var 15 cm. Fylling í skurðinum **[037]** var appelsínugulbrún siltuð möl, svipuð náttúrulegum jarðvegi nema í fyllingunni voru smáar kolaflögur.



Mynd 11. Hér sést þar sem rennan eða skurður fyrir skilrúm **[036]** hefur verið staðsett við mögulega stoðarholu **[014]** og stóra steina við norður vegg.

Sumarið 2021 komu einungis tvær greinilegar stoðarholur **[014 og 016]** í ljós undir gólfi. Stoðarholur þessar voru staðsettar sitthvoru megin til norðurs og suðurs við langeldinn. Ekki er búið að rannsaka þessar stoðarholur að fullu og verður það gert við uppgröft sumarið 2022. Þá verður einnig farið í að finna fleiri stoðarholur á mörkum gólfs og bekkjar, og á mörkum bekkjar og veggjar ef einhverjar eru.



Mynd 12. Stoðarhola **[014]** staðsett norðan við langeld fyrir miðju. Stoðarholan sést hér rétt ofan við mælistikuna.

Stoðarhola **[014]** var staðsett í norður enda skálans. Þar voru stærri steinar efst og var svart gólflag var undir efsta lagi af steinum. Steinar þessir voru um 1 m í þvermál. Undir gólflagi og steinum efst var önnur röð af steinum sem hefur ekki verið rannsökuð. Mögulega voru þarna efst steinar í kringum stoðina og að stoðarholan liggur þar undir. Ekki er vitað hvort fyllingu **[015]** er að finna í stoðarholunni en það verður kannað í



Mynd 13. Stoðarhola **[016]** sunnan við langeld fyrir miðju.

næsta áfanga rannsóknarinnar. Stoðarhola **[014]** er í beinni línu við stoðarholu **[016]** sem er staðsett í suður enda skálans og hefur fyllingu og pökkunarsteina **[017]** sem hefur ekki verið rannsökuð.

Undir hruni á miðju gólfi var langeldurinn **[039]** sem var 3 m langur og 0,5 m breiður. Langeldurinn hefur verið grafinn niður þar sem grá öskumöl virðist vera undir steinahellum **[035]**. Hellurnar voru flatar og mikið eldsprungnar. Þar ofan á var fylling eldstæðis **[013]** sem var þétt til milliþétt svart silt með gráum blæ, mikið af kolamolun og brenndum beinum. Í fyllingunni fannst samansafn af einkennilegum steinum (**F#056**), mögulegur taflmaður (**F#057**), einn jaspis steinn (**F#058**). Umhverfis langeldinn hafa svo steinar verið lagið upp á rönd. Nemar frá Bradford Háskóla tóku sýni til greiningar til að reyna aldursgreina skálann með því að mæla segulmagn í brenndum leifum úr eldstæði (**S#007**, **S#008** og **S#009**). Niðurstað þeirra var að klöppin undir var of segulmögnuð og ruglaði sýnin. Þar að auki voru teknar tvær stórar fötur af jarðvegi í sýni til greiningar (**S#014** og **S#016**) og einn poki af brenndum beinum (**S#010**). Ekki er enn búið að kanna hvort feluholu sé að finna við endana en langeldurinn hefur ekki verið fullgrafinn og mun frekari rannsóknir fara fram sumarið 2022.



Mynd 14. Langeldur [013] er hér fyrir miðju. Þar eru þúfurnar sjáanlegar í kring.

Ekki er hægt að segja að svo stöddu hvert hlutverk norður endi skálans hafi verið en leiða má líkum að því að þar hafi verið eldað og/eða búr skálas. Allavega er þar eldstæði með þykku gráu öskulagi og mikið af brenndum beinum.

Upp við norðurvegg eru tveir mjög stórir steinar [040] sem líklegast hafa tengst eldstæði [029] og steinahrúgu [032] sem var þar upp við og á milli steinanna tveggja. Vestari og stærri steinninn hefur fallið inn og yfir hluta eldstæðisins [029] og fyllingu þess [028].

Á milli tveggja stóru steinanna [040] og yfir bekkjarlagi [020] var steinahrúga [032] sem samanstóð af mikið af milli stórum steinum sem hafa hrunið inn í skálann. Steinar þessir hafa líklega verið hlaðnir á milli stóru steinana til að þjóna hlutverki við eldstæðið. Þó voru steinarnir ekki eldsprungnir né sótaðir og því ekki hægt að setja þá nálægt bruna eldstæðis. Inn á milli steinanna í steinahrúgunni var blandað torf og silt fylling [042]. Lagið var appelsínugulbrúnn siltaður jarðvegur með smá mól. Engar kolflögur voru í laginu og er líklegt að þarna hafi blandað veggjahrun fallið á milli steinanna þegar byggingin hrynur.



Mynd 15. Stórir steinar [040] í norður enda skálans með steinahrúgu [032] á milli.

Við fjarlægingu á steinahrúgu [032] og lagi á milli steina [042] kom í ljós eldstæði [029] og öskulag [028]. Eldstæðið er staðsett í norðvestur horni skálans alveg upp við vegg. Þar eru steinar, mismunandi að stærð, í hálfhring sem mynda eldstæðið. Fylling eldstæðis var öskulag [028] sem samanstóð af skellóttu ljósgráu, svörtu og hvítri ösku og kolum, með brúnu silti blandað á milli. Mikið var af kolamolum í þessu lagi. Lengd um 3 m þar sem það virðist ná yfir til austurs.



Mynd 16. Eldstæði [029] og öskulag [028] undir stórum steinum [040] og steinahrúgu [032] í norðaustur horni.

Við norður enda eldstæðis er líklegt loftgat [030] út frá eldstæði. Fylling þess [031] var millipétt grábrún og svört silt með mikið af kolaflögum og kolamolum. Eldstæðið og loftgatið hefur ekki verið grafið að fullu og þar sem stóri steinninn [040] liggur ofan á eldstæðinu mun það vera rannsakað sumarið 2022 þegar búið er að lyfta steininum.



Mynd 17. Eldstæði [029] og öskulag [028] undir stórum steinum [040] og steinahrúgu [032] í norðaustur horni. Þarna sést rétt í mögulegt loftgat [030] og bendir rauða örin á það.

Sunnarlega á austurvegg var 2,5 m langur og 1 m breiður inngangur sem var lagður steinahellum [019]. Steinhellurnar voru mismunandi að stærð og þykkt og höfðu sumar þeirra færst til og voru upp á rönd vegna þúfna. Svo virðist sem þessar steinahellur halda áfram inn í mögulegt anddyri sem hefur náð niður til suðurs. Í innganginum sjálfum voru steinahellurnar átta talsins. Rétt yfir steinahellunum og á milli þeirra var svart lag [018] sem var um 1 m á lengd og 20 cm á breidd og 2 cm á þykkt. Lagið var laust og mjög blautt

Í sér þar sem vatn safnaðist mikið saman við innganginn. Lagið var milli-dökkbrúnn, svartur siltaður sandur með gulbrúnum skellum. Mikið var af mól í laginu en lítið var af kolaflögum og brenndum beinum sem væri líklegt að finna við inngang.



Mynd 18. Inngangur skálans eftir fjarlægingu yfirborðs, þar sjást stórar steinahellur [019] sem hafa verið lagðar.

Líklega hefur þarna verið kolasmítað lag sem hefur skolast yfir innganginn því undir þessu lagi var svart lag [021]. Lagið var svart öskulag sem var svargrábrúnt silt með sandskellum utan við inngang sem var framan við og austan við stóran stein sem var uppi á rönd. Mögulega er þetta traðkað lag þegar gegnið var inn og út úr skála þar sem mikið var um kolaflögur, ösku og brennd bein. Fast upp við steinahellu í inngangi fannst lítil blá gler perla (F#106). Tvö sýni voru tekin á milli hellna þar sem ein fata af jarðvegi var tekin til greiningar (S#020) og einn lítill poki með brenndum beinum (S#021). Lagið var misþykkt, eða um 2-3 cm, skellótt með náttúrulegri mól þar sem þúfur hafa lyft mölinni í gegnum lagið. Lagið hefur ekki verið rannsakað að fullu.

Undir og líklega blandað við svart lag [021] er fylling [023] í mögulegri rennu [022]. Þessi mögulega renna er staðsett sunnan við innganginn og liggur upp við og meðfram vegg niður til suðurs. Skurðurinn er óreglulegur í laginu og er lína af steinum efst. Ekki er víst um hvort þarna sé renna eða að þar sé náttúruleg upplyfting á jarðvegi



Mynd 19. Möguleg renna [022] fyrir uppgröft. Rennan liggur upp við vegg skálans frá inngangi og til suðurs.

sem myndar einhverskonar rennu með veggnum á móti. Svæðið er blautt og heldur vatni ansi vel, því er líklegt að þarna sé einhverskonar renna til að halda og koma vatni frá inngangi. Lengd skurðar var 2 m og breidd um 40 cm. Fyllingin [023] var mjúk svargrá silt. Ekki er búið að rannsaka hvort skurðurinn á þessari mögulegu rennu heldur áfram til suðurs og verður það rannsakað sumarið 2022.



Mynd 20. Steinhellur í inngangi skálans er hér fyrir miðju og frá honum til vinstri er möguleg renna [022] sem virðist markast af steinum í vegg. Búið að fjarlægja hrun yfir inngagni og fyllingu í mögulegri rennu.

Ekki er búið að rannsaka jarðlög utan við skálann niður í náttúrulegan jarðveg þar sem áhersla var lögð á jarðlög innan skála sumarið 2021. Sunnan við inngang skálans kom í ljós undan yfirborði mögulegt traðkað lag eða skol **[005]** af kolaríku lagi frá inngangi. Lagið var mjúkt svart, sendið silt með mikið af kolasmiti og brenndum beinum. Lengd lagsins var um 3,8 m og breidd var um 1,93. Lagið hefur ekki verið rannsakað að fullu. Eitt brennt bein var tekið í sýni (**S#005**) úr laginu.



Mynd 21. Kolasmitað lag [005] með brenndum beinum í suðaustur horni uppgraftarsvæðis.

Yfir suður vegg skálans er svart kolasmitað lag **[009]**. Lagið er mjúkt, svart silt með mikið af kolaflögum og brenndum beinum. Lagið líkist mjög gólflagi og hefur því verið túlkað sem gólflag sem skolast hefur niður brekkuna og yfir vegginn. Lagið var lausara í sér og ekki eins feitt og gólfið innan skála. Í laginu fannst glerperla (**F#007**) og var tekið jarðvegssýni (**S#012**) úr laginu til greiningar. Mikið er um þúfur á þessu svæði og hefur náttúrlig mól komist upp á milli og því erfitt að sjá hvar lagið byrjar og endar. Lagið var um 2 m að lengd og 2 m að breidd en ekki er vitað hver þykkt þess er þar sem ekki er búið að fjarlægja lagið.



Mynd 22. Hér sést svart kolasmitað lag [009] ofan á þar sem líklegur suður veggur er staðsettur.

Við norður hlið skálans og líklega samtengt norður vegg skálans er garðlag **[007]**. Garðlagið liggur í austur vestur og er alls um 45 m langt. Innan svæðis er garðlagið 2 m að lengd, 1 m á breidd og er hæð þess um 40 cm. Sunnan garðlags var torfhrun **[008]** frá garðlaginu. Hrúnið var milli þétt, skellótt ljós og dökk appelsínugulbrúnt torf með smáum steinum. Hrúnið náði niður að norðaustur vegg skálans og var um 3 m að lengd og 70 cm á breidd.

Sumarið 2022 verður ráðist í að skilgreina veggi skálans að utan, kanna hvort að þar finnist traðkað lag með kolum, kanna mögulegt skolað niður gólflag og athuga hvort tenging sé milli skála og garðlagsins til norðurs.



Mynd 23. Hér sést garðlagið í norðaustur horni uppgraftarsvæðis.

Skálinn virðist hafa verið byggður beint ofan á náttúrulegu yfirborði **[002]**. Náttúrulegi jarðvegurinn var ljósgul, rauðbrún þétt möl með smáum steinum. Jarðvegurinn hefur komið upp í gegnum jarðlög á sumum stöðum þar sem þúfur hafa komið til vegna frosts. Þetta átti sér mest stað í suður enda svæðisins þar sem vatn safnaðist saman og þúfur myndast vegna frostlyftingar og frostþenslu á gróinni jörð.

4.2 Smáhýsi á Grónesi

Smáhýsið er staðsett við vestur hlið skálans og er samtengt honum. Það er að sami veggur var notaður við austur hlið smáhýsis og vestur hlið skálans. Smáhýsið virðist samtíða skálanum en ekki verður hægt að fullyrða það fyrr en uppgreftri á skálanum líkur.

Yfirborðslag [200] yfir smáhýsinu var það sama og lá yfir skálanum. Smáhýsið lá rétt undir yfirborði sem var vaxið mjög þykku og rótamiklu bláberja- og krækiberjalyngi og gróðri. Yfirborðslagið var þétt dökkgrátt brúnt silt með mikið af rótum og steinum. Þykkt lagsins var um 9 cm yfir smáhýsinu. Í yfirborðinu var tekið sýni [S#200].



Mynd 24. Smáhýsið eftir fjarlægingu yfirborðslags [200], þar sést rétt glitta í líklegan ofn [206] og veggir byrðair að myndast.

Undir yfirborði [200] voru veggir smáhýsisins sem voru úr torfi [202] og grjóti [204]. Veggurinn var um 60 cm breiður þar sem hann var breiðastur og um 0,20 m háir. Torfið í veggjum var skellótt gult og brúnt með malarlinsum á milli. Líklegast hefur veggurinn verið byggður úr strengjatorfi en erfitt er að gera grein fyrir því þar sem torfið er mjög illa farið. Austur veggur smáhýsis og vestur veggur skálans virðist vera sami veggurinn. Ekki var hægt að sjá á veggnum að þar hafi verið gerðar viðbætur og því líklegt að þarna sé einhverskonar smáhýsi frekar en viðbygging.

Stórir steinar [204] voru í veggjum smáhýsisins við suður, austur og vestur hlið og voru minni steinar við norður hliðina. Á sumum stöðum var röð af steinum sem virðist fylgja lagningu torfsins s.s. við suður og vestur hliðina en á austur og norður hlið virðast steinarnir vera á við og dreif. Margir þessara steina eru á sínum upprunalega stað, þ.e. að

þeir eru hluti af klettabelti (*e. bedrock*). Steinarnir eru allir af sömu gerð og eru milli stórir til stórir að stærð.

Yfir veggjum var blandað torfhrun [203] sem var gulbrúnt og millibrúnt torf með malarskellum í. Hrunið var um það bil 10-20 cm á þykkt bæði innan smáhýsis og utan veggja. Í hruninu utan veggja smáhýsis fundust tveir gripir og voru það eldtinna [F#201] og jaspissteinn [202]. Tvo sýni voru tekin og voru það dýrabein [S#201] og vikursteinn [S#202].

Gólfíð í smáhýsinu [205] var svart milli þétt kolasmítaður siltaður sandur sem var þykkast við miðju. Mikið var af mól, kolum og ösku í gólfinu. Gólfíð er þunnt en virðist breytast í lit í um 0,5 m upp að norður og suður veggjum. Gólfíð nær upp að veggjum austan og sunnan megin en endar við mögulegt eldstæði [206] í



Mynd 25. Komið niður á gólflag í smáhýsingu.

norðvestur horni. Í gólfinu fundust fjórtán gripir, voru það sjö jaspis steinar [F#203, F#204, F#207, F#209, F#213, F#215 og F#216], tveir kvars molar [F#210 og F#211], einn mögulegur taflmaður [F#214], eitt brýni [F#208], hálfur snældusnúður [F#206], mögulegt klébergsbrot [F#205] og óþekktur gripur [F#212].

Þrjú smá sýni voru tekin úr gólfinu voru það samansafn af steinum [S#203], samansafn af viðarkolum úr gólfi [S#204] og samansafn af dýrabeinum úr gólfi [S#205]. Einnig var restin af gólfleginu tekið saman í sýni [S#206] til frekari greininga. Við austur vegg undir hruni og í framhaldi af gólflagi var þunnt lag af blönduðu torfi með kolaflögum og brenndum beinum [211]. Lagið var um 3 cm þykkt, þétt gulbrúnt silt með mikið af kolasmíti og brenndum beinum. Ekki er víst hvort hér hafi verið bekkur eða að þarna sé kolasmít frá gólflagi. Undir gólflagi [205] og blönduðu kolasmítuðu lagi [211] var náttúruleg mól.


Í norðvestur horni smáhýsis var steinahrúga sem hefur verið túlkað sem eldstæðið eða ofninn [206]. Eldstæðið er um 1,5 m lengd og 1 m á breidd. Í eldstæðinu var mikið um

misstóra steina [207] og fylling þar inn á milli [208]. Fylling [208] í eldstæðinu á milli steinanna [207] var svört kolasmituð silt með brenndum beinum. Steinar í eldstæðinu virðast ekki vera eldsprungnir eða sótaðir við fyrstu athugun, en ekki er búið að rannsaka eldstæðið að fullu og ekki búið fjarlægja steinana til að athuga hvað sé undir þeim. Ekki er komið form á eldstæðið en líklega mun það koma betur í ljós við uppgröft sumarið 2022.



Mynd 26. Mögulegt eldstæði eða ofn [206] í smáhýsi. Ekki er búið að rannsaka þessa steinahrúgu að fullu og munu frekari rannsóknir skýra hvert hlutverk þess er. Austan við eldstæðið er stoðarhola [209] og er hún sjáanleg hér efst á myndinni fyrir miðju.

Þrjár líklegar stoðarholur [209, 210 og 212] voru þar sem steinahrúgur voru sjáanlegar í gólfi [205]. Ekki er búið að rannsaka stoðarholurnar og því ekki búið að gefa númer fyrir fyllingar þeirra þar sem ekki er víst hvort þetta séu stoðarholur. Möguleg stoðarhola [209] er staðsett rétt vestan við eldstæði [206] upp við vestur vegg fyrir miðju. Þar var hrúga af steinum sem virðast mynda einhverskonar hring.



Mynd 27. Stoðarhola [209] eftir fjarlægingu steina og gólflags.

Möguleg stoðarhola [210] er staðsett í norðaustur horni smáhýsis upp við vegg. Steinar virðast sitja ofan á og í gólflagi en undir þeim virðist vera þunnt lag af torfi. Mögulega er þarna samansafn af steinum eða hrun úr vegg. Möguleg stoðarhola [212] er staðsett við austur vegg rétt norðan við lag [211] þar sem stór hrúga af steinum er staðsett í vegg á milli smáhýsis og skála. Ekki er beint vitað hvort þarna sé stoðarhola eða hvort að þeir steinar sem eru í hring séu pökkunarsteinar eða hvor þar sé hrun úr vegg.



Mynd 28. Smáhýsið áður en gólflag var fjarlægt. Á myndinni er hægt að gera sér grein fyrir steinum og grjóti í veggjum en einnig náttúrulegu grjóti sem er á svæðinu.

Enginn greinilegur inngangur var sjáanlegur en líklegt er að gengið var inn í húsið ofan veggja, en algengt er að smáhýsi eru grafin niður og er gengið ofan í þau. Hér hefur smáhýsið ekki verið grafið niður og er því líklegt að það hafi verið vegna erfiðleika þar sem á þessu svæði er mikið um möl og klettabelti.

Smáhýsið var byggt ofan á náttúrulegum jarðvegi [201]. Lagið var ljósgul, rauðbrún möl sem var laus í sér með smáum steinum og náttúrulegu stóru grjóti (e. *bedrock*). Náttúrulegi jarðvegurinn viðist hafa komið upp í gegnum jarðlög á sumum stöðum þar sem þúfur eru staðsettar vegna hitabreytinga. Hefur þetta mest átt sér stað við suður enda

jarðhýsis þar sem mest er um þessar þúfur. Ekki er enn búið að finna gamalt yfirborðslag eða traðkað lag utan við jarðhýsið þar sem ekki er búið að grafa allt fram utan veggja þess.

5. Túlkun

5.3 Skálinn á Grónesi

Eftir að skálinn var staðfestur með prufuskurði var hafist handa við að opna yfir svæðinu og grafa lag eftir lag niður. Undir yfirborði voru veggir skálans. Veggirnir voru mikið eyddir og virðist sem torf hefur verið tekið frá mismunandi stöðum til að byggja austur og vestur vegg. Við austur hlið var veggurinn meira gulbrúnn með malarlinsum og vestan megin voru þeir meira milli brúnir með malarlinsum. Ekki er búið að rannsaka frekar norður og suður vegg þar sem eldstæði er staðsett við vegg í norður enda og liggur svart lag [009] yfir mögulegum vegg í suður enda. Ljóst er að í veggjum skálans er mikið um mól og er líklegt að það sé vegna þess að stutt er niður á náttúrulegan jarðveg undir torfinu á svæðinu í kring.

Inngangur skálans var staðsettur sunnan til við austur hlið skálans. Í innganginum voru flatar hellur og markaðist inngangurinn af steinum og torfvegg í vegg sitthvoru megin við steinahellurnar. Steinhellurnar í innganginum voru mikið hreyfðar vegna upplyftingu jarðvegs en þær hafa legið flatar og myndað þröskuld inn í húsið. Sunnan til við innganginn er möguleg renna staðsett við vegg. Ekki er víst um hvort þar sé renna sem hefur verið til að koma vatni frá inngangi eða náttúruleg upplyfting á jarðvegi.

Þegar gengið er inn í skálann halda steinahellurnar áfram niður til suðurs frá innganginum. Ekki er búið að rannsaka þetta svæði og er líklegt að þar sé anddyri, búr eða einhverskonar matargeymsla austan megin.

Rannsóknir sumarið 2022 munu vonandi leiða í ljós hlutverk þessa hluta skálans.



Mynd 29. Suður endi skálans þar sem inngangur skálans er við suðaustur hliðina. Þar sjást steinahellurnar halda áfram inn í skálann og líklegt búr eða anddyri þar við.

Beggja vegna við gólfíð fyrir miðju voru bekkir skálans. Bekkirnir voru svipaðir að gerð bæði austan og vestan megin, og má gera ráð fyrir því að þar hafi verið timbur yfir bekkjunum þar sem lítill hæðamunur var á milli gólfs og undirbekkjarlags. Ofan á undirbekkjarlagi var blandað torf og er líklegt að þar hafi torf og hrun safnast saman eftir að timburbekkurinn var fjarlægður. Frambrún bekkjanna hefur að öllum líkindum verið mörkuð af pinnum sem voru reknir í gólfíð. Þrjár mögulegar pinnaholur [026] fundust við mörk gólfs og bekkjar í suðvestur enda og höfðu þær verið skornar í undirbekkjarlag [024]. Við norðvestur enda bekkjar var röð af steinum [034] sem hefur afmarkað bekkinn. Tvær mögulegar pinnaholur [027] fundust á mörkun gólfs og bekkjar í austur fyrir miðju austur bekkjar sem voru skornar í undirbekkjarlag [025].

Ljóst er að sumarið 2022 verður farið í að kanna og finna stoðarholur í skálanum. Einungis voru skráðar tvær stoðarholur sumarið 2021 en þær ekki rannsakaðar að fullu. Algennt er að finna stoðarholur sem geta sagt til um burðargrind hússins og eru vísbendingar um stoðarholur á mörkum veggjar og bekkjar og einnig á mörkum bekkjar og gólfs.

Í skálanum fundust tvö eldstæði. Voru það langeldurinn sem var staðsettur í miðjum skála og eldstæðið í norður enda skálans undir mjög stórum steini. Rétt er búið að fjarlægja fyllingu langelds ofan af steinahellunum en eftir er að rannsaka undan steinahellunum þar sem virðist vera rauðleit mól með ösku. Ekki er víst um hvort að steinar afmarka eldstæðið það sem mikið er um þúfur og eru sumar steinahellurnar upp á rönd.

Eldstæðið í norður enda skálans virðist heillegri en langeldurinn. Þar virðist sem steinar afmarka eldstæðið upp við vegg og er líklegt loftgat í gegnum vegg í norðvestur horni skálans. Í norðaustur horni skálans eru svo flatar hellur sem geta hafa verið bökunarhellur. Ekki eru merki um að skálinn hafi fleira en eitt notkunarskeið og er því líklegast að eldstæðin hafa verið notuð á sama tíma.

Þar sem skálinn er byggður í brekku hefur gólflag **[010]** líklega að mestu skolast niður brekkuna og farið yfir veggj sunnan til. Þessu svarta lagi **[009]** var gefið annað númer þó svo að lögin voru svipuð. Í þessu lagi fannst brotin perla sem sýnir fram á að þetta lag hefur líklegast verið skolað niður og endað yfir hrundum veggjum á suðurhlið skálans.

Austan við svart lag **[009]** var svart lag **[005]** utan við skálann var líklega skolað niður lag frá inngangi. Við inngang var lítið tröðkuðu svörtu lagi sem finnst oft við inngang skálans. Svæðið við innganginn var mjög blautt og er líklegt að þarna hafi jarðvegurinn skolast niður brekkuna og safnast saman þar sem halli brekkunnar minnkar.

